



## Þórunn Halldórsdóttir

---

Bjarni Benediktsson – Þórunn Halldórsdóttir

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnámálamaðurinn  
Askja 2-8, Örk 8

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stað 9. júlí 1946.

Kæri borgarstjóri,.

Góða þökk fyrir virðulegar og alúðlegar viðtökur.

Í framhaldi af orðsendingu, sem ég fól föður yðar að koma til yðar, væri mér mikils virði að þér hefðu tíma og ástæður til að taka umrætt málefni til athugunar. Yrði því þá vel borgið.

Í því sambandi væri mér kært að þér hefðu tíma til að ræða málið við Guðmund son minn, sem þyrfti að geta fengið sér þægilegra húsnæði en Þórsgötu 19 - sérstaklega vegna konu og barna. Hann hefir sæmleg laun og örugga framtíðarstöðu hjá Landsfímanum. Að fengnu álitni yðar og viturlegum tillögum - og allt í samræmi við hagfella byggingarlöggjöf - og hentugri byggingarlóð, teikningu og kostnaðaráætlun, myndi ég bæði vilja - og að einhverju leyti geta stutt hann í þessu efni, meðfram með það fyrir augum, að við gömlu skörin gætum fengið að hýrast í einu horninu hjá þeim. "Allir förum við til Reykjavíkur" - og ég einnig; samkvæmt áætlun" eftir 4-5 ár.

Góðfúslega, athugið málið - og berið foreldrum yðar kæra kveðju mína.

Virðingarfyllst,

*Jónn. Halldórsson*

Borgarstjóri,

Bjarni Benediktsson,

Reykjavík.